Toyota dísellyftarar á tilboðsverði!

2,5 tonna lyftigeta, 3,3 metra lyftihæð, lokað ökumannshús með miðstöð, innbyggð vigt og auka vökvaúttak.

Verð frá 3.790.000 kr.(án vsk.)

M.v. gengi EUR 141

Toyota dísellyftararnir eru fáanlegir með skiptingu í gólfi og einnig með hefðbundinni skiptingu.

KRAFTVÉLAR TOYOTA LYFTARAR BT

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Settu þig í samband við sölumenn Kraftvéla og kynntu þér málið!

18. FEBRÚAR 2016 • 4. tölublað 5. árgangur

VESTFIRÐIR

Vetrarbrim í Hnífsdal.

Fánar og veifur í úrvali

fanar@fanar.is
s. 577 2020

FÁNASMIÐJAN

Er með mesta úrval fána á landinu, ef hann er ekki til ! búum við hann til.

www.fanar.is

VERK VEST

Virkt afl á vinnumarkaði

Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Eitt fullkomnasta VOD kerfi í heimi

Sjáðu SKY með NowTV netmyndlykli

Verð frá 3.390 kr. á mán.

Enginn binditími

Ekki lengur þörf að setja upp disk. Kauptu SKY áskrift af skemmtipakka SKY, Sky Movies eða Sky Sports.

Skemmtipakkinn inniheldur 35 sjónvarpsstöðvar fyrir 4.720 kr á mánuði. Sky Movies til viðbótar kostar aðeins 1.900 kr á mánuði. Ekkert mál að bæta við Sky Sports í viku eða mánaðar áskrift í senn.

Satis.is

Satis ehf | Fákafeni 9 | Sími: 551 5100 | www.satis.is

Framsókn:

Dýrafjarðargöng 2016

Þingmenn Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason og Jóhanna María Sigmundsdóttir héldu í síðustu viku opinn stjórnmálafund á Ísafirði og Þingeyri. Fram kom á fundunum að þau töldu að Dýrafjarðargöng yrðu boðin út nú í haust. Ásmundur Einar kvaðst myndu skrifa innanríkisráðherra Ólöfu Nordal og krefja hana svara um það hvort myndi ekki ganga eftir. Að sögn Marzellíusar Sveinbjörnssonar, bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ var einnig rætt á fundunum um nýjan búvörusamning og af hálfu bænda var varað við því að kvótakerfið í mjólkurframleiðslu yrði afnumið án þess að þeir sem keypt hefðu mjólkurkvóta gætu staðið undir sínum skuldbindingum. Þá bar einnig hátt, að sögn Marzellíusar umræða um fyrirhugaða Hvalárvirkjun og tengipunkt í Djúpinu. Að lokum nefndi Marzellíus að áhyggjur hefðu komið fram um bága stöðu Þingeyrarflugvallar og væntanleg flugvélaskipti hjá Flugfélagi Íslands.

Byggðakvóti á Bíldudal

Atvinnuvegaráðuneytið hefur til meðferðar stjórnsýslukæru Ómars Sigurðssonar þar sem gerð er athugasemd við stjórnsýslu Vesturbyggðar varðandi reglur um byggðakvóta á Bíldudal. Samkvæmt reglunum er það aðeins einn bátur sem uppfyllir öll skilyrði fyrir úthlutun. Sá bátur Jón Hákon BA 61 veiddi 25 kg á sjóstöng á viðmiðunartímabilinu. Björn Magnús Magnússon, eigandi Jóns Hákons bA 61, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu meðan það væri hjá stjórnvöldum. Í stjórnsýslukærunni eru gerðar athugasemdir stjórnsýslu Vesturbyggðar og hún sögð í bága við ýmis ákvæði stjórnsýslulaga.

Fjölmennur íbúa-fundur í Tálknafirði

Óhætt er að segja að íbúar í Tálknafirði séu afar ánægðir með samfélagið sitt í Tálknafirði.

Þetta staðfesti liðlega sextíu íbúa fundur sem haldinn var sl. laugardag í Íþróttamiðstöðinni á staðnum.

Afkoma hefur verið góð á rekstri sveitarfélagsins. Eiginfjárstaða er um 52 %

Í Tálknafirði búa í dag 267 manns.

Fram koma í máli Indriða Indriðasonar sveitarstjóra að breið samstaða hafi verið um að endurnýja hitaveitulögn í þorpinu.

Fasteignafélagið „101 Tálknafjörður" var stofnað á síðasta ári og hófust þá þegar byggingar raðhúsa við Bugatún. Miklar framkvæmdir fóru fram við Íþróttamiðstöðina sl. sumar og haust, en þar var m.a. komið fyrir saunabaði og var líkamsræktarsalur mikið endurnýjaður. Nýtt skrifstofuhúsnæði var tekið í notkun við Strandgötu en gömlu skrifstofurnar við Miðtún standast ekki kröfur gagnvart fötluðu fólki.

Endurnýjun vatnslagnar standa enn yfir og er vonast til að þeim framkvæmdum ljúki nú í sumar. Lagfært var geymslusvæði í Hrafnadal og komið fyrir gámasvæði fyrir geymslugáma.

Þá tók sveitarfélagið í notkun nýtt bókhaldskerfi.

Á íbúafundinum voru tveir gestir sem voru með framsögu, þeir voru Einar Sveinn Ólafsson formaður Félags atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum og Sölvi Sólbergsson sérfræðingur hjá Orkubúi Vestfjarða.

Einar benti á að styrkleikar væru miklir á sunnanveðum Vestfjörðum svo sem í fiskeldi þar sem vestfirðir væru skilgreyndir sem svæði undir fiskeldi. Fiskeldið byggist á þeirri hefð og þekkingu sem til er á svæðinu frá fiskveiðum og vinnslu. Hann benti einnig á að stórt þjónustufyrirtæki vantaði þar sem hinar ýmsu atvinnugreinar störfuðu undir einu þaki s.s. smiðir, járnabyndingamenn, pípulagningarmenn, rafvirkjar og svo frv. , til að skapa gott rekstrar umhverfi og hægt væri að ná hagkvæmi stærðarinnar á sem flestum sviðum.

Engar almennings samgöngur eru á svæðinu sem gerir þessu svæði erfitt um vik er varðar flutning á fólki milli staða til vinnu. Ekki er komin lausn í hvar heppilegast er að koma fyrir vöruhöfn á svæðinu, en skýrslur hafa verið unnar um það verkefni.

Einar gat þess að við íbúar hér á sunnanverðum Vestfjörðum verðum að hugsa í sameiginlega átt, snúa bökum saman og leita lausna. Leggja hreppamörk til hliðar.

Sölvi Sólbergsson fór yfir kosti þess að komið verði upp hitaveitu í íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Tálknafirði. Miklar umræður fóru fram um málefnið og voru íbúar almennt ánægðir með þær tillögur sem fram komu í máli Sölva. Sölvi gat þess að líklegast sé ekki til sá staður á Íslandi þar sem borað hafi verið eins mikið eftir heitu vatni eins og í Tálknafirði en hann telur að um 25 km. hafi verið boraðir í heildina þar.

Ásgeir Jónsson sveitarstjórnarmaður fór yfir þær ofanflóðavarnir sem ætlunin er að fara í og jafnframt upplýsti hann íbúa um viðræður sem fram hafa farið vegna almenningssamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum.

Fjöldi fyrirspurna komu um hin ýmsu málefni sem íbúar fengu skýr svör við frá sveitarstjórnarfólki og gestum fundarins.

Íslandsstræti í Vilnius

11. febrúar 2016 voru liðun rétt 25 frá því að Alþingi samþykkti ályktun um stuðning við sjálfstæði Litháen. Ísland ruddi brautina á ögurstundu þegar aðrar þjóðir hikuðu. Fjórum vikum áður höfðu sovéskar hersveitir hertekið sjónvarpsturninn í Vilnius höfuðborg Litháen og drepið 13 manns í áhlaupinu. Þinghúsið var eina byggingin sem ríkisstjórn Litháens réði yfir og dreif mikill fjöldi Litháa að því til þess að verja það. Sent var út ákall og Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra fór þegar í stað til Vilnius og veitti hinnu nýfrjálsu þjóð stuðning með nærveru sinni. Gorbasjof ákvað að draga hersveitir Sovétríkjanna til baka og síðar fóru þær úr landi til Rússlands. Eftir þessa atburði eru íslendinar og Jón Baldvin sérstaklega í miklum metum í Litháen. Fyrir fimm árum var eitt strætið skírt íslandsstræti og nú á 25 ára tímamótunum afhjúpaði Remigijus Simasius borgarstjóri nafn götunnar á íslensku að viðstöddum Jóni Baldvin Hannibalssyni, heiðurborgara Vilnius.

Íslensk framleiðsla

» Sérsmíði á innréttingum og innihurðum.

» Ráðgjöf á staðnum.

» Þrívíddarteikningar.

» Sendum um allt land.

TAK INNRÉTTINGAR

SS BYGGIR EHF • Njarðarnes 14 • 603 Akureyri • Sími: 460 6100 • ss@ssbyggir.is

www.ssbyggir.is

Leiðari

Tekist á um tjáningarfrelsið

Í þriðja sinn hefur Snorri Óskarsson haft betur gegn Akureyrarkaupstað. Uppsögn hans úr starfi grunnskólakennara er dæmd ólögmæt bæði í Hæstarétti og fyrir Héraðsdómi Noruðurlands eystra. Áður hafði Innanríkisráðuneytið komist að sömu niðurstöðu. Tildrögin eru þau að Snorra var vikið úr starfi fyrir skrif á vefsíðu um samkynheigð. Um það var ekki deilt að ummælin féllu utan vinnutíma og að Snorri hafði ekki viðrað skoðanir sínar í starfinu. Snorri Óskarsson er trúaður og forstöðumaður Hvítasunnusafnaðar. Sú kirkjudeild sækir sér leiðbeiningu í texta Biblíunnar. Hin umdeildu ummælu voru á þann veg að samkynhneigð væri synd og að laun syndarinnar væri dauði. Þetta taldi sveitarfélagið að væru meiðandi ummæli í garð samkynheigðra og áminnti hann í febrúar 2012 og sagði honum svo upp störfum í júlí sama ár. Snorri skaut málinu til Innanríkisráðuneytisins sem komst að þeirri niðurstöðu í apríl 2014 að uppsögnin hefði verið ólögmæt. Akureyrarkaupstaður fór með málið fyrir dómstóla en tapaði á báðum dómsstigum.

Tjáningarfrelsið og rétturinn til sannfæringar

Í þessu máli eru mörg álitaefni. Eitt varðar tjáningafrelsið. Spurningar sem vakna eru hvort hægt sé að reka starfsmann fyrir skoðanir sem hann setur fram utan starfs og ef svo er hvenær. Annað álitaefni varðar trúarsannfæringuna. Rétt eins og tjáningarfrelsið þá er rétturinn til sannfæringar varinn í stjórnarskránni (73. grein). Er hægt að vísa manni úr starfi vegna trúarskoðana hans og skiptir þá engu hver trúarbrögðin eru eða trúarritin sem stuðst er? Miðað er við trúarbrögð sem tilheyra skráðum trúfélögum og eru þannig að þau eru ekki sérstaklega bönnuð. Þriðja atriðið sem blandast inn í þetta mál eru ákvæði stjórnarskrárinnar sem mæla fyrir um að engin skuli missa neins í borgaralegum og þjóðlegum réttindum sakir trúarbragða sinna. Þrátt fyrir niðurstöðu dómstóla í þessu máli var Snorri Óskarson var sviptur vinnunni vegna trúarskoðana sinna. Það er mjög hörð refsing sem enn stendur. Þá segir í stjórnarskránni að allir skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til trúarbragða. Það nær líka til samkynhneigðra og þeir eiga sinn stjórnarskrárvarinn rétt. Eitt atriðið enn sem tengist tjáningarfrelsinu er að gildi frelsins er fólgið í réttinum til þess að setja fram skoðanir sem ekki njóta almenns stuðnings. Þá fyrst reynir á tjáningarfrelsið. Í raun þarf enga vernd í stjórnarskrá til þess að segja það sem allir eru sammála um. Takmörkun á tjáningarfrelsi verður samkvæmt þessu alltaf aðför að minnihlutasjónarmiði. Þau mál sem valda umróti í þjóðfélagumræðunni eru eðli málsins samkvæmt alltaf stórpólitísk mál sem varða grónar stofnanir samfélagsins eins og eðli og inntak persónulegs sambands eins og hjónabands. Eigi að þrengja að tilteknum viðhorfum í þeirri umræðu er vikið frá jafnréttisákvæðinu. Því má ekki gleyma að gildandi viðhorf varðandi samkynhneigð eru tiltölulega nýtilkomin. Fyrir um 30-40 árum voru þau minnihlutasjónarmið og nutu afar takmarkaðs stuðnings. Tjáningarfrelsið var þá vörn þeirra sem vildu breyta þjóðfélaginu.

Minnihlutavernd

Í máli Snorra var tekist á um öll þessi atriði. Trúfélag hans er skráð og hefur lengi starfað á Íslandi. Biblían er trúarritið og hefur um þúsund ár verið grundvallarrit í þjóðfélaginu. Það er því ekki einfalt að gera refsivert að boða siðferðileg og trúarleg viðhorf sem sótt eru í Biblíuna, jafnvel þótt almennur skilningur á einstökum atriðum hafi breyst í aldanna rás og fáir aðhyllast bókstafstúlkun nú á tilteknum atriðum. Víst er að almenn afstaða til syndarinnar og afleiðingum hennar er önnur en var um aldir. En það jafngildir ekki að þeir sem enn aðhyllast þau viðhorf eigi að sæta skerðingu á sínum mannréttindum og jafnvel refsingum á borð við starfsmissi. Eigi að ganga þann veg sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar vill er hollt að spyrja fyrst hver hefði vilji bæjarstjórnarinnar verið 1975 ef málinu væri snúið við og að þá hefði kennari boðað réttindi samkynhneigðra í þjóðfélagi sem var þeim andsnúin? Málinu er ekki lokið. Stjórnarskráin heimilar að settar séu með lögum skorður á tjáningarfrelsinu. Það verk er að mestu óunnið og verður að vanda til þess.

Kristinn H. Gunnarsson

VESTFIRÐIR
Auglýsingasíminn er **578 1190**

VESTFIRÐIR
4. TBL. 5. ÁRGANGUR 2016
ÚTGEFANDI: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630 og netfang: kristinn@kristinn.is. **UMBROT:** Prentsnið. **PRENTUN:** Landsprent, 3.400 eintök. **DREIFING:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU VESTFIRÐIR ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

Sjálfsbirting í Gallerí Úthverfu/Outvert Art Space

Miðvikudaginn 17. febrúar kl. 20: 00 opnar Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir einkasýningu í Gallerí Úthverfu /Outvert Art Space. Sýningin ber heitið SJÁLFSBIRTING og stendur til 20. mars 2016.

Ólöf Dómhildur hefur eftirfarandi að segja um sýninguna:

„Verkin endurspegla yfirborð líkamans en fjalla um sjálfið sem liggur undir yfirborðinu. Kvenleiki og mótun kvenleikans er eitt af því sem ég er að skoða, mótun líkamans og sálarinnar með það að markmiði að ná æðsta stigi þarfapíramídans í sjálfsbirtingu. Ég styðst m.a. við kenningar Abraham Maslow um þarfir og hvatir fólks sem leiða til hegðunar sem leiða allar að ákveðnu markmiði, leiðina að sjálfsbirtingu í gegnum mótun líkama og að uppfylla þörf fyrir virðingu sjálfs og annarra í gegnum mótun líkamans. „

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir stundaði myndlistarnám við Myndlistardeild Listaháskóla Íslands þaðan sem hún útskrifaðist með BA-gráðu 2006. Hún var einnig við ljósmyndanám í Iðnskólanum í Reykjavík 2008 og lauk MA námi í Hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands 2015. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar frá árinu 2002 bæði erlendis og hér heima. Ólöf Dómhildur hefur einnig verið mjög virk í menningarlífinu og tekið þátt í að skipuleggja menningarhátíðir, uppákomur og sýningar. Hún var verkefnastjóri og síðan rekstrarstjóri Edinborgarhússins á Ísafirði á árunum 2012-2014 og kennir nú myndlist og Fab Lab á öllum stigum við Grunnskólann á ísafirði.

Ólöf Dómhildur var kosin bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar 2015.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir.

VESTFIRSKA VÍSNAHORNIÐ

Vestfirska vísnahornið hefst að þessu sinni á knattspyrnuvellinum. Hagyrðingar þáttarins hafa hingað til verið á öðrum grænum völlum. En Eiríkur Jónsson, fyrrverandi formaður Kennarasambands Íslands er knattspyrnuáhugamaður og sérstaklega um ensku knattspyrnuna. Hann er stuðningsmaður Manchester United og hefur notið velgengni þeirra um langar hríð. Síðustu misserin hefur hallað undan fæti og frægðarsólin eitthvað dalað. Undir stjórn hins hollenska Louis van Gaal þykir liðið spila leiðilega knattspyrnu og skorar fá mörk. Um daginn keyrði um þverbak og Eiríkur gat ekki orða bundist:

Sjaldan setja boltann inn
sárt er hugur kvalinn.
Enda virðist aðferðin
algerlega Gaal in.

Ástir og vín eru sjaldan langt undan þegar hagyrðingar velta fyrir sér lífinu í mannheimum. Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn er mátulega hrifinn af framtaki þingmannsins og Skagfirðingsins Vilhjálms Árnasonar, sem vill áfengi í búðirnar:

Svo að Bakkus alsæll yrði,
ógæfunnar magnist byrði
er á þingi vondra virði
vaxinn upp í Skagafirði.

Sigmundur Sigurðsson, Strandamaður fylgdist einn sinn með því að vinur hans gerði hosur sínar grænar fyrir stúlku, sem vildi ekkert með hann hafa. En stúlkan átti sér nöfnu og Sigmundur sendi vinu sínum eftirfarandi ráð:

Hafir þú á Ástu ást
áttu hana fyrir vin,
Ástan sem þér áður brást.
er hún kanski betri en hin.

Um daginn varð níræður Jón Guðjónsson, bóndi á Laugabóli í Ísafjarðardjúpi. Indriði á Skjaldfönn mætti að sjálfsögðu í afmælið og flutti afmælisbarninu snjallt erindi. Fyrir blaðið Vestfirðir dró Indriði saman innihaldið í ræðu sinni svona:

Frá Borgarfirði barst að Djúpi
brattur sjóli.
Ævistarfið hleð ég hóli
heill sé Jóni á Laugabóli.

Búseta heldur enn velli í Skjaldfannardal og framfarateikn eru á lofti yfir dalnum þar sem kannað er um þessar mundir hvort ekki megi virkja Selána og reisa stóra virkjun á Vestfirskan mælikvarða.Um það yrkir Indriði Aðalsteinsson:

Selárvatn er mikið magn
mælt í orku og hita.
Ef í framtíð gerir gagn
gott er það að vita.

Nú víkur sögunni út Ísafjarðardjúp inn í Laugardal til Rögnu Aðalsteinsdóttur, bónda á öðru Laugabóli en Jón Guðjónsson sat. Ragna lýsir sjálfri sér svona:

Ég skelli mér oft í að skrifa
og skemmti mér dável við það.
Helst vil ég lífinu lifa
lifandi á öruggum stað.

Eitt sinn skemmti Ragna á Laugabóli sér við það að hlusta á umræður á Alþingi:

Það er valt að treysta og trúa
takmörk eru engin sett
sumra er það list að ljúga
og láta sem það teljist rétt.

Eftir þessa þörfu ádrepu er mál að linni. Illvirðir geysar á Vestfjörðum þegar gengið er frá þættinum til prentunar en verður gengið niður og vonandi sól á lofti þegar blaðið verður borið út.

Kristinn H. Gunnarsson

DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

Smáralind • Kringlunni • Krossmóa Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is

Jónatan J. Stefánsson vélstjóri mætti til Patreksfjarðar á mánudaginn með líkan af Garðari BA 64 – landsþekktu skipi í útgerðarsögu landsins. Upprunalegi Garðar, sem var byggður árið 1912 hefur verið í sátri í landi Skápadals í botni Patreksfjarðar frá árinu 1980. Skipslíkanið er gert af Grími Karlssyni fyrrverandi skipstjóra og er í réttum hlutföllum og er mikil listasmíð.

Jónatan sem varð 73 ára 15. febrúar var yfirvélstjóri fjögur síðustu árin áður en Garðari var lagt árið 1980 og ber miklar taugar til skipsins og Patreksfjarðar. Jón Magnússon skipstjóri og stofnandi Odda og fleiri útgerðarfyrirtækja á Patreksfirði tók á móti skipinu, en það verður geymt í Odda hf á Patreksfirði, þar til stofnað verður sögu- og minjasafn um útgerðarsögu Patreksfjarðar.

Ljósmyndari er: Janus

Ísafjörður:

Hugmynda-samkeppni

Ísafjarðarbær efnir til hugmynda-samkeppni um nýtingu á húsinu Engi, Seljalandsvegi 102 á Ísafirði. Verðlaun eru leigusamningur til 1 árs með möguleika á framlengingu og gjaldfrjálsum fyrsta ársfjórðungi. Keppnin er opin öllum þeim sem hafa áhugaverðar fyrirætlanir um nýtingu húsnæðisins en bent er á að markmiðið er að efla nýsköpun án þess að skekkja samkeppni.

Óskað er eftir vel útfærðum hugmyndum um nýtingu hússins, en sýning á öllum innsendum tillögum verður á Heimkomuhátíðinni sem haldin verður í Vestrahúsinu á Ísafirði laugardaginn 26. mars.

Engi er fallegt 188 fermetra einbýlishús sem staðsett er innst á Seljalandsvegi á Ísafirði. Kvaðir eru á húsinu sem takmarka nýtingu frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert.

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarritari í gegnum netfangið thordissif@isafjordur.is .

S-26 **Einstakt á Íslandi** 10 ára ábyrgð

Þegar hefðbundin málning er ekki að duga

þá er S-26 kerfið lausnin

Þetta hús stendur
við Tálknafjörð
um 300 m frá ströndinni.
Þrátt fyrir mikið veðurálag,
særok og sandrok
þá sér ekki á málningunni
í dag - 6 árum síðar.
Raki hvarf alveg úr húsinu
á nokkrum vikum.

Máluð var prufa af
S-26/Malis kerfinu
á BYKO-vegginn
árið 2008.
Tveimur og hálfu
ári síðar var veggurinn
háþrýstiþveginn
en prufan haggaðist ekki.

S-26 10 ára ábyrgð ÚTIMÁLNING - í eitt skipti fyrir öll

TEKNOS WOODEX

malis.is - vörn til frambúðar

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

Sjómenn:

Samingar lausir í 5 ár

Í síðasta mánuði voru fimm ár síðan kjarasamningar við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, arftaka LÍÚ, runnu út. Samningar sjómanna á smábátum hafa líka verið lausir síðan í janúarlok 2014. LÍÚ vísaði kjaradeilunni til Ríkissáttasemjara 22. maí 2012 og þar hefur málið verið statt síðan. Í byrjun desember síðastliðinn hafnaði SFS öllum helstu kröfum samtaka sjómanna og sleit viðræðunum. Ríkissáttasemjari hefur ekki boðað til fundar eftir það og að sögn Finnboga Sveinbjörnssonar, formanns Verkalýðsfélags Vestfirðinga, hafa engar formlegar viðræður verið eftir áramótin. Hvað varðar Landssamband smábátaeigenda, LS, þá segir Finnbogi að enginn áhugi sé hjá LS á viðræðum og ekkert að gerast.

Það eina sem náðst hefur samkomulag um á þessum 5 árum við LÍÚ og síðar SFS er um hækkun kaupliða í takt við almenna kjarasamninga í júní 2011, febrúar 2012, febrúar 2013 og mars 2014. Í tæp tvö ár hefur engin hækkun orðið á kaupliðum og þar með talið kauptryggingu.

Finnbogi Sveinbjörnsson segir skýringuna á því að ekki hafi samist liggja ekki bara í mikilli óbilgirni Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi heldur spili þokkaleg afkoma sjómanna þar inn í. Verð á fiski og afurðum erlendis hefur verið gott og gengið hagstætt útgerðinni. Tekjur sjómanna hafa því verið tiltölulegar góðar. „Nú eru aðstæður að breytast.“Kauphækkanir hafa orðið í almennum kjarasamningum og kaupliðir sjómanna sitja algerlega eftir“ segir Finnbogi.

Sjómenn borgi veiðiheimildir

„Það er mjög langt á milli aðila. Það sést meðal annars af því að ein af kröfum SFS er að kostnaður við kaup útgerðar á veiðiheimildum í Barentshafi verði dreginn frá óskiptu. Er vísað til þess að til boða standi að kaupa veiðiheimildir af Rússum“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. „Þetta finnst okkur ekki koma til greina enda er ólöglegt að gera slíkt.“

Þegar lagalega hliðin er skoðuð kemur í ljós að Alþingi setti fyrir rúmum 20 árum ströng lagaákvæði til þess að sporna við því að kostnaði af kaupum eða leigu á veiðiheimildum yrði velt yfir á sjómenn.

Það var 19. maí 1994 sem Alþingi samþykkti að breyta lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins frá 1986 og bætti inn svohljóðandi ákvæði : “ Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.“ Til þess að hnykkja á vilja löggjafarvaldsins var sérstöku viðurlagaákvæði einnig bætt í lögin sem kvað á um að „með brot á þessu ákvæði skyldi fara að hætti opinberra mála“ og refsað með sektargreiðslu „nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.“

Málið átti sér aðdraganda frá 1992, en þá náðu útgerðarmenn og sjómenn samkomulagi um yfirlýsingu, sem segir að útgerðarmanni sé óheimilt að draga kostnað við kaup eða leigu á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Frá þeim tím var það samningsbrot ef út af var brugðið en eftir lagasetningu Alþingis varð það einnig lögbrot og svo er enn. Lagabreytingin felur einnig í sér bann við því sjómenn og útvegsmenn semji um kostnaðarþátttöku. Ekkert kemur fram sem gefur tilefni til þess að ætla að bannið takmarkist við kaup á veiðiheimildum innanlands og að kaup á veiðiheimildum í Barentshafi séu á einhvern hátt undanþegin bannákvæði laganna.

Telur Finnbogi að lögin séu óljós hvað þetta varðar og að unnt sé að semja um kostnaðarþátttöku sjómanna? Svarið er skýrt: “Ég tel þau alveg afdráttarlaus hvað þessi atriði varðar og samtök sjómanna eiga ekki undir neinum kringumstæðum opna á viðræður um slíka samninga”.

Kröfurnar lagðar fram 2011

Báðir aðilar settu fram sínar kröfur fyrir 5 árum og enn eru þær upp i á borðum.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga er í samfloti með Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi vélstjóra og málmtæknimanna og stendur að sameiginlegri vinnu við kjarasamningsgerð. En VerkVest er einnig sjálfstæður samningsaðili og setur því fram nokkrar sérkröfur sem varða félagið. Krafist er þess m.a. að Vestfjarðasamningur ASV haldi gildi sínu, kauptrygging verði 310 þús. kr. en hún er nú 244.687 kr. og að réttindi afleysingamanna verði tryggð í ráðningarsamningi.

Finnbogi segir til skýringar á áherslunni um réttindi afleysingarmanna að útgerðarmenn geri ítrekaða lausráðningarsamninga við skipverja fyrir hverja veiðiferð. Hann segist það rétt að gera ráðningarsamning en með því að gera ítrekaða lausráðningasamninga fyrir hverja sjóferð verði það til þess að sjómenn fái ekki fastráðningu og við það spari útgerðin sér kauptrygginguna og önnur launatengd gjöld fyrir viðkomandi pláss.

Aðrar sérkröfur lúta að lengri uppsagnarfresti undirmanna, fæðis- og fatapeningar standi undir kostnaði, hafnarfríi um jól og sjómannadag, endurskoðun slysatrygginga og að áunnin réttindi flytjist milli útgerða og skipa, orlofsréttur verði tengdur lífaldri og að undirmönnun verði bönnuð.

Stóru atriðin sem eru sameiginleg eru að niðurfelling sjómannaafsláttar ríkis verði bættur þannig að útgerðin greiði afsláttinn til sjómanna og að olíuverðsviðmið verði fellt út þegar ákveðið er hvað eigi að draga frá óskiptu aflaverðmæti.

Kröfur útgerðarinnar eru í 24 liðum. Þær helstar eru að hlutaskiptakerfið verði endurskoðað og skiptaprósentan lækkuð, að kaup á aflaheimildum af erlendum aðilum verði dregið frá óskiptu, að sjómenn greiði aukin hlut af kostnaði við slysatryggingar, breytingar á slysa- og veikindakaupi, að fiskverð í viðskiptum við eigin vinnslu eða skylda aðila verði endurskoðað og jafnvel tengt afurðaverði, að aflaverðmæti verði jafnað yfir lengra tímabil en kauptryggingarbil og að sömu samningar gildi um land allt. Það þýðir að samningar á Vestfjörðum og Austfjörðum falli niður. Athyglisverð er sú krafa útgerðarinnar að heimilt verði að ráða mann um borð á öðrumkjörum en aflahlut, t.d. vegna vinnslu á aukaafurðum þar sem verðmætið stendur ekki undir hlut og eins eða þegar um óvanamenn er að ræða. Þeirri kröfu hafa samtök sjómanna alfarið hafnað og segja kröfuna afturhvarf til fortíðar og útgerðarmönnum ekki sæmandi að endurvekja “hálfdrættingana”.

Langt á milli aðila – þrír kostir

Finnbogi Sveinbjörnsson segir að langt sé á milli aðila. „Útgerðin gengur svo langt að telja sig ekki bundna af almennum kjarasamningum varðandi hækkun kaupliða og ákvæðið um hækkun greiðslna í lífeyrissjóð til þess að jafna lífeyrisréttindin í landinu. SFS segjast jafnvel vera tilbúnir til þess að ræða hækkun kaupliðanna og hækkun lífeyrisgreiðslnanna. Í því felst að það sé ekkert sjálfgefið að semja við sjómenn um það sem þeira eigin samninganefnd og heildarsamtök atvinnulífsins hafa samið við alla aðra, þar með talið fiskvinnsluna.“ Á móti nefnir Finnbogi að útgerðarmenn eru tilbúnir til þess að ræða breytingar á kjarasamningi þannig að stærðarmörk skipa verði miðuð við brúttórúmlestir í stað brúttótonn.

Formaður Sjómannasambands Íslands var nýlega nokkuð harðorður í viðtali og kvað sjómenn orðna langþreytta á sífelldum hótunum frá útgerðinni og telur að draga fari til aðgerða hjá sjómönnum. Er Finnbogi sammála því?

„Já. Ég tel að þrír kostir séu í stöðunni og enginn góður. Í fyrsta lagi að gera ekkert. Þá verða samningar áfram lausir. Annar kosturinn er að freista þess að ná samningum við útgerðina á þeim grundvelli sem hægt er að ræða um kaupliði, lífeyrissjóðsgreiðslur, brúttórúmlestamælinguna og olíverðsviðmiðið sem varðar það sem dregið er frá óskiptu aflaverðmæti. Þá samninga ætti síðan að leggja í dóm sjómanna og ef þeir vilja hann ekki eru það skýr skilaboð um aðgerðir í framhaldinu.

Þriðji kosturinn er að hefja strax undirbúning aðgerða á landsvísu fyrir allan flotann án frekari orðræðu.

Mér er engin launung á því að ég tel annan kostinn affarasælastan. Hann skilar annað hvort samningi sem nýtur stuðnings eða skýru umboði til aðgerða.“ Á þessu stigi yrðu samningar fyrir smábátasjómenn utan við viðræðurnar við SFS, segir Finnbogi. Greinilegt er að þolinmæði sjómanna er á þrotum og að draga fer til tíðinda í þessari fimm ára löngu kjaradeilu.

Að ganga úr þjóðkirkjunni og aðskilnaður ríkis og kirkju

Á undanförnum árum hefur margt fólk gengið úr þjóðkirkjunni. Ekki er alveg ljóst hvers vegna það er en ljóst er þó að hávær umræða í þjóðfélaginu um kirkju, kirkjumál og kristni hefur verið óvægin og nokkuð hatrömm. Vera kann að það hafi mikil áhrif. Úrsagnir virðast vera mestar á meðal yngra fólks en þó er fólk á öllum aldri að segja sig frá Þjóðkirkjunni. Ekki er langt síðan að þjóðkirkjuaðild nam ríflega 90% en hún er nú rúm 70%. Þó tilheyra enn um 90% þjóðarinnar kristnum söfnuðum svo að álykta má að þjóðin sé enn jafnkristin ef svo mætti segja en e.t.v. hafi áherslurnar færst til. Þegar skýra þarf úrsagnir úr þjóðkirkjunni kemur vissulega margt til. Ég ætla mér ekki að reyna að útskýra það enda er það sjálfsagt persónubundið hverju sinni, að einhverju leyti a.m.k. Helsta ástæðan sem oft er nefnd er þó sú að fólki hefur fundist þjóðkirkjan vera heldur svifasein í ýmsum málum og haldið fremur óhönduglega á þeim, hún hefur verið talin standa í vegi fyrir framförum í mannréttindamálum og þess háttar. Við sem störfum innan kirkjunnar erum stundum hissa á þeim ummælum sem sjá má á opinberum ummælakerfum og samfélagsmiðlum um kirkju, kristni og jafnvel tiltekna starfsmenn kirkna. Víst er að það á við um margt annað í þjóðfélaginu og sannarlega er umræðuhefð okkar íslendinga ekki mjög þroskuð, oft mjög óvægin og hörð. Rök og virðing fyrir skoðunum annarra virðast stundum ekki eiga upp á pallborðið. En hvað um það Svo kann að vera að tíðarandi og tíska spili jafnvel eitthvað inn í þessa áðurnefndu þróun. Kristni og kirkja er ekki „in" eins og sagt er. Á Norðurlöndunum hefur þessi þróun verið svipuð og nefnt hefur verið að e.t.v. sé það eðlilegt að þjóðkirkjuaðild nái jafnvægi við eitthvað tiltekið hlutfall eins og gerst hefur í nágrannalöndunum. Kannski er það veruleikinn sem við blasir og kirkjan þarf að laga sig að til framtíðar? En jafnframt úrsögnum hefur aukist gagnrýni á tengsl ríkis og kirkju. Krafan um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið nokkuð hávær en að sama skapi ekki sanngjörn eða upplýst því alloft er haldið á lofti sleggjudómum og skoðunum sem eiga við engin rök að styðjast önnur en þau að viðkomandi er einfaldlega illa við kirkjuna. Árið 1997 voru samþykkt lög á Alþingi um kirkjuna og starf hennar. Lög nr. 78/1997 sem eru nk. veraldleg stjórnarskrá Þjóðkirkjunnar. Þessi löggjöf er afar merkileg fyrir þau sem hafa áhuga á þessum tengslum. Með þeim varð aðskilnaður ríkis og kirkju í raun staðfestur að flestu leyti. Kirkjan hefur frá þeim tíma haft allt um innri mál sín og skipulag að segja og er nú svo komið að sjálfstæði kirkjunnar og aðskilnaður frá ríkinu er meiri en t.d. á milli ríkis og fjármálastofnana. En fram að lagasetningunni 1997 var því ekki svo farið. Alþingi gat t.d. sagt fyrir um það hvar prestar ættu að sitja og hvar ættu að vera preststsetur o.s.frv. Kirkjuþing öðlaðist þannig aukin völd og kirkjan réði sér sjálf án afskipta ríkisvaldsins innan lögmæltra marka. Oft virðist krafa fólks um aðskilnað ríkis og kirkju snúa að fjárhagssamskiptum ríkis og kirkju. Þau samskipti eru tvenns konar. Annars vegar greiðir ríkið kirkjunni ákveðna upphæð á ári sem afgjald fyrir gífurlegar jarðeignir sem kirkjan afhenti ríkinu til eignar og varðveislu. Sk. kirkjujarðasamkomulag. Hins vegar tekur ríkið að sér að innheimta félagsgjöld fh. kirkjunnar (og raunar allra annarra trúfélaga í landinu), oftast nefnd sóknargjöld. Þeim er ætlað að standa undir rekstri sóknarinnar, grunneiningar þjóðkirkjunnar, s.s. launum organista og annars starfsfólks, standa straum af kostnaði við barna- og æskulýðsstarf, viðhaldi eigna, rekstrarkostnaði og þ. h. Gagnrýnt hefur verið að ríkið taki að sér að innheimta þessi gjöld í gegnum skattanna en minna hefur borið á gagnrýni á að ríkið innheimti önnur félagsgjöld frjálsra félaga og félagasamtaka eins og t.d. félagsgjöld verkalýðsfélaga í gegnum laun. Þegar fólk segir sig úr þjóðkirkjunni falla greiðslur niður til sóknanna og renna annað. Sumir segja í ríkishítina fyrir sunnan ! Sóknargjöldin hafa lengi verið skert miðað við það sem upphaflega var um samið en alveg sérstaklega frá hruni. Þó hefur hvert sóknarbarn ekki greitt minna.

Sóknargjöldunum hefur einfaldlega ekki verið skilað öllum þangað sem þau áttu að fara, ekki ósvipað og við þekkjum af öðrum gjöldum sem við innum af hendi, t.d. þau sem eru innifalin í eldsneytisverði og skila sér ekki öll í vegi landsins. Í kjölfar hrunsins samþykkti kirkjan einnig afslátt af kirkjujarðasamkomulaginu svo greiðslur úr ríkissjóði vegna kirkjujarðanna voru minni en þær hefðu átt að vera skv. samkomulaginu en vitaskuld var ekki um annað að ræða fyrir kirkjuna en að takast á við hrunið með sama hætti og aðrar stofnanir og einstaklingar í þjóðfélaginu. Bilið sem myndaðist í fjárhag kirkjunnar af þessum ástæðum var brúað með eignasölu og með mikilli hagræðingu á öllum sviðum. Ekki var ráðið í störf sem losnuðu, starfsfólk tók á sig launa- og kjaraskerðingar og þar fram eftir götunum. Á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin að bæta kirkjunni (og öðrum trúfélögum) þessar skerðingar að miklu leyti enda farið að ára betur í efnahagslífi landsins. Við þá samþykkt mátti sjá mikla vandlætingu hjá ýmsum á samfélagsmiðlum. Kirkjan var nú enn að ásælast eitthvað sem hún átti ekkert með að fá. Því er einnig haldið fram að Þjóðkirkjan hafi ekkert átt með þessar jarðir sem hún afhenti ríkinu og eigi þess vegna ekkert að fá fyrir því. Sagan af prestinum sem sagði við dánarbeð gömlu konunnar; „gefur hún enn ! Nú gaf hún allann Laugardalinn!" , er þá gjarnan rifjuð upp því til staðfestingar eins og til að ýja að því að kirkjan hafi eignast þetta með miklum óheilindum. Við svoleiðis er auðvitað ekkert að segja, það getur varla verið hluti umræðunnar að taka mark á örökstuddum dylgjum af því tagi. En einhvern veginn hefur það þótt við hæfi í umræðunni að efast um eignarrétt kirkjunnar á jörðunum sem sumar hverjar voru og eru, afar verðmætar. Á sama hátt hlýtur þá að mega efast um allan annan eignar og umráðarétt í landinu eða hvað ? Þó hefur borið minna á tali um það. Þau sem kalla eftir aðskilnaði virðast stundum ekki vita hver tengsl ríkis og kirkju eru í dag. Sumir sýnast vera að óska eftir því að þessir samningar um fjárhagssamskiptin, sem eru tvíhliða samningar tveggja lögaðila , verði teknir upp og jafnvel ógiltir. Ennfremur er það nefnt sem merki um þessi nánu tengsl ríkis og kirkju sem þarf að rjúfa, að alþingismönnum er boðið til guðsþjónustu við setningu þings og ganga þá alþingismenn, ráðherrar, prestur, Biskup og Forseti í prósessíu til kirkju úr alþingishúsinu. Í raun eru þessi fjárhagstengsl ríkis og kirkju (sem önnur trúfélög hafa líka að einu leyti til), guðsþjónustan við setningu Alþingis og staða flestra presta sem opinberra embættismanna einu formlegu tengsl ríkis og kirkju. Síðastnefnda atriðið er raunar athyglisvert. Ríkið ætlar prestum ákveðna þjónustu í grunnsamfélagsþjónustu landsins og með því að prestar eru opinberir embættismenn geta þeir ekki vikist undan því að veita ákveðna þjónustu þegar eftir því er leitað af þar til bærum aðiljum. Einnig má geta þess að 95% allra útfara í landinu fara fram frá kirkjum, þjóðkirkjan ber ábyrgð á varðveislu kristins siðar í landinu ásamt því að varðveita dýrmæt menningarverðmæti um land allt. Menningarverðmæti sem vart verða metin til fjár. Einnig skal á það bent að kirkjan hefur um langa hríð staðið að mikilli uppbyggingu menningar um landið allt og eflt svonefndan félagsauð með ýmsu starfi sínu. Hér á Patreksfirði er t. a. m starfandi kirkjukór sem varð 70 ára á síðasta ári og hefur starfað óslitið þau ár, eina félagsstarfið sem hefur starfað óslitið svo lengi að Kvenfélaginu Sif undanskildu sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á síðasta ári. Þessi félagslegu verðmæti verða heldur ekki metin til fjár og yrði óbætanlegt tjón ef sá auður hyrfi. Vi skulum heldur ekki gleyma því að ríkið hefur stjórnarskrárbundnar skyldur til þess að styðja og vernda þjóðkirkjuna alveg sérstaklega. Varla viljum við að ríkisvaldið brjóti stjórnarskrána ? Og athyglisvert er að í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá vildi meirihluti kjósenda að ákvæði um kirkju yrði áfram í nýrri stjórnarskrá, en á þeirri niðurstöðu þarf ekki að taka mark að mati sumra sem þó eru áhugasöm um aðrar tillögur stjórnlagaráðsins sem samþykktar voru í sömu þjóðaratkvæðagreiðslu.

En eftir stendur, að mikið skortir upp á að allir sem taka þátt í þessari umræðu skilji, eða vilji skilja, hvernig þessu tengsl eru, hvernig þau eru tilkomin og af hverju þau eru enn eins og þau eru, miðað við hvernig umræðan hefur á stundum verið. Kirkjan er elsta „stofnun" í landinu, elsta fjöldahreyfing landsins, hefur verið til frá því um árið 1000 og kristni hefur verið sá grunnur sem þjóðfélagið og þjóðfélagsgerðin hefur verið byggð á að mestu frá landnámi en margir landnámsmenn voru kristnir eins og kunnugt er. Eins og gefur að skilja hafa oft hafa blásið um kirkjuna kaldir vindar á langri vegferð hennar og oft hefur henni verið spáð dauða. Hún hefur staðið alla vinda af sér og gefið dánarspádómum langt nef og mun gera það áfram hvernig svo sem skipulagi hennar og stöðu verður háttað í þjóðfélagi 21. aldar. Það er ekki að ástæðulausu. Erindi hennar er eilíft. Að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Að boða trú, von, fyrirgefningu, náð og kærleik inn í veruleika og aðstæður íslensks almennings á hverjum tíma og vera til staðar þegar á þarf að halda en hjá allflestum kemur að því á lífsleiðinni. Þetta erindi kirkjunnar til fólksins um landið allt og um allan heim raunar, mun lifa af alla samfélagsumræðu hversu neikvæð sem hún annars er, og tekur um leið sanngjarnri umræðu fagnandi enda skilar slikt samtal öllum áleiðis að settu marki.

Í Guðs friði.

Sr. Leifur Ragnar Jónsson

Hitaveitukostir í Steingrímsfirði

Miðvikudaginn 3. febrúar var íbúafundur á Hólmavík um möguleika á hitaveitu á Hólmavík. Um 70 manns mætti á fundinn sem sýnir hversu kyndingarkostnaður hvílir þungt á heimilunum. Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur sagði frá jarðvarma í Strandabyggð og kostum sem til greina koma. María Maack starfsmaður ATVEST á Reykhólum skýrði lagalegum hlið málsins og hvað þyrfti til að koma svo unnt væri að gera raunhæfa kostnaðaráætlun út frá ákveðnum forsendum.

Andrea K. Jónsdóttir, sveitarstjóri segir á vef sveitarfélagsins að þrír megin hitaveitukostir hafi helst verið reifaðir á fundinum, en það voru borholur á Gálmaströnd í Tungusveit, heitt vatn í Hveravík hinum megnin í Steingrímsfirðinum og svo frekari leit innan við Grjótá. Fram kom, segir Andrea „að þrátt fyrir góðan hita í holum á Gálmaströnd gæti jarðhiti í Hveravík verið vænlegri kostur þar sem bæði er ríkt vatnsflæði (40L/sek) og heppilegt hitastig (70°C eða hærra) fyrir hitaveitu en síður fyrir rafmagnsvinnslu. Vinnsluleyfi er í höndum jarðeiganda. Hreinsa þarf holu en að jafnaði er dýrara að bora nýjar frekar en að hreinsa og eða fóðra vinnsluholur. Einnig hefur borunarkostnaður hækkað nýlega." Um 6 km eru frá Hveravík til Hólmavíkur ef lögnin er lögð sjóleiðina þvert yfir fjörðinn. Í máli Hauks Jóhannessonar kom fram að venjan væri að ríkið styrkti

hitaveituframkvæmdir með fjárhæð sem svarar 8- 12 ára niðurgreiðslum á hitunarkostnaði með rafmagni á svæði

viðkomandi hitaveitu gegn því að þær féllu niður eftir það. Haukur taldi að ætla mætti að hitaveitan gæti borgað sig upp á 20 árum ef íbúarnir legðu sitt ef mörkum með vinnu, velvilja og stuðningi.

Áhugi er á því að farið verði í frekari upplýsingaöflun og undirbúning vegna hitaveitu í strandabyggð og gerðar ítarlegri áætlanir, en enn sem komið er hafa engar frekari ákvarðanir verið teknar. Andrea K. Jónsdóttir, sveitarstjóri segir að sveitarstjórnin muni örugglega fjalla um málið þegar þar að kemur. Ekki sé gert ráð fyrir útgjöldum vegna málsins í fjárhagsáætlun hreppsins en sveitarstjórnin er í stefnumótunarvinnu og fellur þetta mál þar vel inn í.

Snorri vann í þriðja sinn

Snorri Óskarsson hafði betur gegn Akureyrarkaupstað í þriðja sinn þegar Hæstiréttur Íslands komst að sömu niðurstöðu og Héraðsdómur og Innanríkisráðuneytið áður og dæmi ólögmæta uppsögn Snorra úr starfi kennara við Brekkuskóla á Akureyri. Sveitarfélagið hafði áminnt Snorra í febrúar 2012 og síðar sagt honum upp í júlí sama ár fyrir ummæli um samkynhneigð sem Snorri lét falla á vefmiðli. Ekki voru gerðar athugasemdir við störf Snorra en sjónarmið sveitarfélagsins var að ummæli hans utan vinnutíma væru þess eðlis að ekki yrði við unað þar sem þau samrýmdust ekki störfum hans sem kennari. Hæstiréttur bendir á að heimildir til áminningar og síðar brottvikningar séu bundnar við atriði sem snerta framferði starfsmanns í starfi. Þá segir Hæstiréttur að þau ákvæði kjarasamningsins um skyldur starfsmanns sem gætu tekið til háttsemi utan starfs væri ekki tengdar við heimildir til áminningar eða uppsagnar. Þí hefðu ekki verið neinar lagaheimildir til áminningar og uppsagnar í tilviki Snorra. Vegna ákvæða í 73. grein stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi hefði þurft skýrar lagaheimildir fyrir aðgerðum Akureyrarkaupstaðar.

Framhald málsins liggur ekki fyrir en dómurinn breytir því ekki að Snorri Óskarsson hefur misst starfið. Næsta skref verður væntanlega að Snorri geri kröfur um bætur á hendur Akureyrarkaupstað fyrir ólögmæta brottvikningu. Náist ekki samningar þar um gæti það mál farið fyrir dómstóla til úrlausnar.

Bókasafnið á Ísafirði stóð fyrir bókaspjalli síðastliðinn laugardag. Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt sagði frá nokkrum bókum sem eru í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Eiríkur Örn Norðdahl, rithöfundur sagði frá nýjustu skáldsögu sinni Heimsku, sem kom út um síðustu jól. Bókakaffið var vel sótt og nálega hvert sæti í sýningarsalnum var skipað.

Orkubú Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Félagið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Aðalskrifstofa félagsins er á Ísafirði og starfsstöðvar á Hólmavik og Patreksfirði.

Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða orkubússtjóra til að stýra öflugum og vaxandi rekstri orkubúsins.

Í boði er stjórnunarstarf hjá traustu félagi þar sem þrífst öflugt fjölskylduvænt samfélag bæði hvað menningu og tómstundir snertir.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er skilyrði
- Góð rekstrarþekking
- Sóknarhugur, framsýni og frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Áhugi á mannauðsmálum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Konur, jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

74 þúsund króna hækkun á mánuði

Eldri borgari , sem er í sambúð eða hjónabandi, hefur 185 þüsund krónur á mánuði eftir skatt frá almannatryggingum, ef hann hefur engar aðrar tekjur.

Einhleypur eldri borgari hefur 207 þúsund krónur á mánuði eftir skatt frá almannatryggingum, miðað við sömu forsendur að því, er tekjur varðar. Þetta er það, sem ríkisstjórnin skammtar eldri borgurum. Af þessum upphæðum eiga þessir eldri borgarar að greiða allan sinn kostnað og þar á meðal húsnæðiskostnað. Leiga getur verið 150 þúsund krónur á mánuði og þá er lítið eftir fyrir öllum öðrum kostnaði. Það eru 57 þúsund krónur eftir hjá einhleypingi. Hann á m. ö. o að greiða fyrir rafmagn og hita, mat, fatnað, samgöngur, sima, tölvukostnað, lyf, lækniskostnað, gjafir o. fl af þessum 57 þúsund krónum!

Ljóst er, að ekki er unnt að reka bíl af svo litlum tekjum. Og hætt við, að eldri borgarinn verði að sleppa einhverjum fleiri útgjaldaliðum.



Björgvin Guðmundsson.

Mikil skerðing vegna lífeyrissjóðs

Ef einhleypur ellilífeyrisþegi hefur 50 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði heldur hann 18 þúsund kr á mánuði af þeirri upphæð eða ígildi þess. Tryggingastofnun skerðir lífeyri þessa eldri borgara um 32 þúsund á mánuði, einungis vegna þess að hann greiddi í lífeyrissjóð. Þessa skerðingu verður að stöðva. Það á auðvitað ekki að refsa þessum eldri borgara fyrir að hafa greitt í lífeyrissjóð. Eldri borgarinn á að halda lífeyri sínum hjá Tryggingastofnun óskertum. Hann var einmitt að greiða í lífeyrissjóð til þess að njóta þess að fullu, þegar hann væri kominn á eftirlaunaaldur.

Ef einhleypur eldri borgari hefur eitt hundrað þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði heldur hann helmingi þeirrar fjárhæðar eða ígildi . TR tekur helminginn. Það er svipuð skerðing og í fyrra tilvikinu. Ég segi það sama og áður: Það verður að stöðva þessa skerðingu. Það verður að afnema hana. Þetta er siðlaus skerðing.

Hvað hækkaði lífeyrir mikið 2016?

Nú hefur „methækkun“allra tíma komið til framkvæmda! Lífeyrir einhleypra ellilífeyrisþega hækkaði um 15 þúsund krónur eftir skatt. Lífeyrir þeirra eldri borgara, sem eru í sambúð hækkaði um 13 þúsund krónur. Tölurnar í þessari grein eru eftir hækkun um áramót. Hækkunin breytir engu. Þetta voru í kringum 200 þúsund krónur á mánuði áður og þetta eru áfram í kringum 200 þúsund á mánuði. 300 þúsund á mánuði eða rúmlega það er lágmark. -Lífeyrisþegar fengu miklu meiri hækkun um áramótin 2008/2009 en nú. Almannatryggingar voru einnig efldar miklu meira 1946 við stofnun tryggingana (breytingu frá alþýðutryggingum) og 1960, þegar viðreisnarstjórnin tók við.

30% hækkun yrði viðunandi um skeið

Ef lífeyrir aldraða og öryrkja verður hækkaður um 30% vegna kjaragliðnunar hækkar lífeyrir um 73800 kr á mánuði og færi í tæp 320 þúsund krónur á mánuði. Það er sama tala og kemur út í neyslukönnun Hagstofunnar. Yrði viðunandi um skeið.

Björgvin Guðmundsson
Formaður kjaranefndar
Félags eldri borgara í
Reykjavík og nágrenni

Alþýðusamband Íslands

Nýr kjarasamningur ASÍ og SA á almennum vinnumarkaði

Rafræn atkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er sameiginleg atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 fyrir störf á almennum vinnumarkaði. Samningurinn flýtir launabreytingum til 1. janúar með umsömdum hækkunum og hækkar framlög atvinnurekenda til lífeyrissjóða frá 1. júlí 2016 og eykur lífeyrisréttindi verði samningurinn samþykktur.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn Verk Vest sem vinna eftir almennum kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA.

Kjörgögn, þ.m.t. lykilorð og kynningarefni, hafa verið send út samkvæmt kjörskrá sem miðast við iðgjöld greidd vegna október 2015. Þeir félagsmenn sem telja sig eiga atkvæðisrétt en hafa ekki fengið send kjörgögn, geta snúið sér til skrifstofu Verk Vest á Ísafirði og Patreksfirði með viðeigandi gögn, t.d. launaseðil, kært sig inn á kjörskrá og greitt atkvæði.

Atkvæðagreiðslan er rafræn. Til þess að greiða atkvæði er farið inn á heimasíðu Verk Vest eða heimasíðu ASÍ, www.asi.is og smellt á „Atkvæðagreiðsla um kjarasamning 2016." Hafi félagsmaður ekki aðgang að nettengdri tölvu er hægt að koma á skrifstofur Verk Vest á Ísafirði og Patreksfirði og fá þar aðgang að tölvu til þess að greiða atkvæði.

Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12 á hádegi 24. febrúar 2016.

Collective agreement between member organizations of ASI and SA from January 2016
To cast your vote on this collective agreement, go to www.verkvest.is or www.asi.is and click „Voting on collective agreement 2016". Voting ends February 24th 2016 at 12:00 PM.

Główne zagadnienia umowy zbiorowej pomiędzy ASÍ i SA od stycznia 2016
W celu oddania głosu wejdź na stronę internetową www.ververst.is i www.asi.is i nacisnij

„Głosowanie na temat umowy zbiorowej 2016" Głosowanie zakończy się 24 lutego 2016 o godzinie 12 :00 w południe.

Stjórn Verk Vest hvetur alla félagsmenn sem atkvæðisrétt eiga að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Þorrablótið var haldið í Félagsheimili Bolungavíkur og vel sótt eins og ávallt. Að því standa konur sem bjóða mönnum sínum til blótsins og skemmta þeim. Húsnæðisskortur hefur löngum sett stífar skorður við fjölda blótsgesta og hefur af þeim sökum ekki verið pláss fyrir fleiri svo sem einhleypa. Blótsgestir eru prúðbúnir, konur í upphlut eða peysufötum og karlmenn í hátíðarbúningi eða dökkum jakkafötum.

KLEENOIL®
Microfiltration

1S-140PG Olíuhreinsistöð

- Hreinsar óhreinindi
- Fjarlægir vatn
- Kemur í veg fyrir tæringu
- Dregur úr sliti
- Eykur endingu olíu
- Dregur úr losun koltvíoxíðs
- Lækkar rekstrarkostnað
- Hentar við notkun ólíkra kerfa

Reki ehf Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Sími: 562 2950 Fax: 562 3760
E-mail: bjorn@reki.is Vefsíða: www.reki.is

REKI

Kvennakórinn Norðurljós á Hólmavík stóð fyrir saltkjötveislu á Sprengidaginn í félagsheimilinu á Hólmavík.

Á boðstólum voru saltkjöt, baunasúpa og annað sem tilheyrir. Aðsókn var góð og tíðindamaður blaðsins Vestfirðir leit inn og tók myndir.

Við erum á Facebook
Nordurbik

- **NORÐURBIK** hefur tvær færanlegar malbikunarstöðvar sem einfalt er að flytja hvert á land sem er án mikillar fyrirhafnar.
- **NORÐURBIK** býr yfir margra ára reynslu í framleiðslu á malbiki fyrir m.a. flugvelli, götur, bílaplön og stíga.
- **NORÐURBIK** framleiðir kalt viðgerðarmalbik sem hefur m.a. reynst mjög vel til holuviðgerða.

Norðurbik ehf · Ægisnesi 2 · 603 Akureyri · nordurbik@simnet.is · 896 1334 · 896 1390

GLÆSILEGAR DANSKAR

INNRÉTTINGAR

Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

Baðherbergi

Góðar hirslur

Innbyggðar uppþvottavélar

Pottaskápar

Allar útfærslur

Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT

Sérsmíði

Þvottahús

Úrvalið er hjá okkur

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15

friform.is

ORMSSON

Þvottadagar

20%

fyrir heimilin í landinu

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 63272FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 87.920,-
Verð áður kr. 109.900

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 63472FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 95.920,-
Verð áður kr. 119.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 76485FL
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 119.200,-
Verð áður kr. 149.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 87680
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

Nú kr. 135.200,-
Verð áður kr. 169.900,-

AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS
T61271AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

Nú kr. 95.920.-
Verð áður kr. 119.900,-

AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS
T76280AC
Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

Nú kr. 103.920.-
Verð áður kr. 129.900,-

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

STÁL **Nú kr. 111.920,-**
Verð áður kr. 139.900

ORMSSON ÞRISTUR

HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751